



Skólaráð Hríseyjarskóla

Mánudagur 26. apríl 2021 kl. 16:10.

Fundinn sátu: Gunnhildur Sigurjónsdóttir (fulltrúi nærsamfélagsins), Helena Sólrún Hilmarsdóttir (fulltrúi starfsfólks), Hrund Teitsdóttir (skólastjóri), Victoría Líf Hermannsdóttir (fulltrúi nemenda) og Þröstur Jóhannsson (fulltrúi foreldra).

1. Skólastjóri kynnti drög að skóladagatali Hríseyjarskóla 2021-2022. Í umræðum var rætt um fyrirkomulag og tímasetningar á skólasundi, skólaleikum, öskudegi, árshátíð, Sudbury vikum, námsmati og heilsuviku. Niðurstaða fundarins var sú að halda skólaleikunum áfram með því sniði sem þeir hafa verið undanfarin ár, óska eftir menntuðum sundkennara fyrir sundlotur næsta skólaárs, halda árshátíð í maí og efla heilsuvikuna með því að kalla eftir hugmyndum nemenda. Þá var skóladagatalið skoðað út frá því að Hríseyjarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli og gæta þarf þess að skóladagatalið sé hugsað út frá bæði leik- og grunnskóla, skólaárin eru mislöng og daga eins og öskudag þarf að skoða út frá þörfum nemenda og hefðum.
2. Skóladagatal Hríseyjarskóla 2021 - 2022 var samþykkt.
3. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.00.

Fundargerð ritaði Hrund Teitsdóttir.